

9.3.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1115  
komudagur 9.3.2009

Frá Tæknimiðstöð Íslands

Umsögn um mál 335: "Frumvarp til laga um visthönnun vöru sem notar orku".

Tæknimiðstöð Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpsdrögin, en vill þó benda á að orðalag verði skoðað varðandi 3. grein; skilgreiningar. Þar segir;

“ Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. *Vara sem notar orku*: Vara sem er, þegar henni hefur verið komið á markað og/eða hún tekin í notkun, háð orkuílafi (rafmagni, jarðefnaeldsneyti og endurnýjanlegum orkugjafa) til að virka sem skyldi eða vara til framleiðslu, flutnings og mælingar á slíkri orku, þ.m.t. hlutir sem eru háðir orkuílafi og ætlunin er að setja í vöru sem notar orku og fellur undir lög þessi, sem eru settir á markað og/eða teknir í notkun sem stakir hlutir fyrir notendur og unnt er að meta sérstaklega að því er varðar vistvænleika.”

Merking þessarar greinar er óþarflega óljós, þar sem hún er flækja aukasetninga og aðalsetningar. Sérstaklega gæti undirstrikaði hlutinn valdið vafa um hvort lögin eigi að ná til tækja til raforkuframleiðslu (hverfla og rafala) og raforkuflutnings (spennivirkja og raflína).

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að lítið reyni á lögin hér varðandi framleiðslu tækja, þar sem lítið sé hér framleitt af vöru sem falli undir lögin. Þetta gæti breyst á stuttum tíma. Nú er t.d. í einkaleyfisferli fyrsti hverfillinn sem fundinn hefur verið upp héraendis, og stefnt er að framleiðslu hans héraendis, e.t.v. ásamt tilheyrandi rafal. Hugsanlega gæti því reynt á nefnda skilgreiningu.

Virðingarfyllt

f.h. Tæknimiðstöðvar Íslands

Valdimar Össurarson, verkefnisstjóri